



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Vesturborg

2024 – 2025



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans	5
1 Greinargerð leikskólastjóra	5
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2023-2024	7
3 Umbótaáætlun leikskólans 2024-2025.....	13
4 Innra mat Sólborgar/Skýjaborgar	16
5 Innra mat Regnbogaborgar	17
6 Innra mat sérkennslu.....	19
6.1 Mat á sérkennslu 2023-2024	19
6.2 Umbótaáætlun sérkennslu 2024-2025	20
7 Innra mat – börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn	22
6.3 Mat á málörvun og virkri þátttöku barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn 2023-2024.....	22
6.4 Umbótaáætlun –fjöltyngi 2024-2025.....	23
6 Starfspróunarsamtöl og fræðsla.....	24
7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	24
8 Foreldrasamvinna	24
9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	25
10 Fylgiskjöl	27



10.1	10.1 Umsögn foreldraráðs	27
10.2	10.2 Önnur fylgiskjöl (t.d. matsgögn).....	27



Leiðarljós leikskólans

1 Greinargerð leikskólastjóra

Þegar litið er yfir skólaárið 2023-2024 þá er mér sönn ánægja að deila með ykkur framvindu og árangur leikskólans okkar Vesturborg ásamt tillögum fyrir komandi ár.

Þetta ár hefur verið fullt af lærdómi og vexti. Plássleysi var áhyggjuefni okkar í haust sem olli nauðsynlegum breytingum. Hins vegar leiddi þessi áskorun til þess að við hugsuðum gagnrýnið um málið og fundum lausnir. Þökk sé dyggum hópi kennara gekk árið fullkomlega og við gátum innleitt margar jákvæðar breytingar til að bæta skólaumhverfið okkar til hagsbóta fyrir nemendur okkar. Við gerðum umtalsverðar endurbætur á skólaumhverfinu til að gera það auðveldara fyrir nám og leik. Í því fólst meðal annars að endurskipuleggja svæðið fyrir eldri hóp nemenda okkar þar sem þeir upplifa sig sjálfstæðari og hafa svigrúm til að stundað frjálsan leik allan daginn. Að auki fengum við leyfi til að endurhanna deildir í samræmi við sérstakar þarfir barnanna, sem gerir þeim kleift að hafa greiðan aðgang að leikföngum og námsgögnum.

Við lögðum áherslu á faglega þekkingu með fræðslu um ADD og ADHD á vegum litlu kvíðameðferðastöðvar og kom sérfræðingur á þeirra vegum og fræddi starfsfólk um hvernig hægt sé að koma til móts við börn með athyglisbrest, ofvirkni og hvatvísi. Þessi fræðsla var ómetanleg fyrir kennarana okkar sem hafa nú meiri hæfni til að skilja og styðja nemendur með ADHD. Jafnframt sóttu deildarstjórnir okkar stjórnunarnámskeið til að bæta leiðtogahæfni og almenna skólastjórnun. Þá sóttu tveir kennarar íslensku námskeið og annar fagnámskeið hjá Eflingu.

Við vorum þakklát að fá heilsueflingarpakka frá Reykjavíkurborg sem innihélt námskeið um mikilvægi góðs svefns og líkamlegrar heilsu fyrir okkur. Þetta framtak var hluti af áframhaldandi viðleitni okkar til að stuðla að velferð starfsfólksins okkar. Þar að auki tókum við á móti Ewelínu,



hegðunar- og sérkennsluráðgjafa í leikskóla, þróuðum alhliða aðferðir til að takast á við krefjandi hegðun á áhrifaríkan hátt. Þessi þekking er gott veganesti inn í næsta skólaár og verður nýtt sem grunnur að nýrri og betri agastefnu.

Kennararnir fengu einnig tækifæri til að fara í námsferð til Alicante þar sem þeir fengu dýrmæta innsýn í háþróaðar kennsluaðferðir og starfshætti. Þessi reynsla hefur auðgað kennsluhætti okkar og víkkað sjónarhorn okkar á ungmennafræðslu.

Starfsmannakönnun í byrjun skólaárs skilaði af sér ánægjulegum niðurstöðum, en leiddi einnig í ljós tækifæri til úrbóta sem að við höfum og höldum áfram að vinna úr.

Það er forgangsverkefni hjá okkur að gefa öllum börnum jöfn tækifæri til að vaxa og dafna í leikskólanum hjá okkur. Við ætlum einnig að þróa betri samskipti og miðlun auðlinda milli kennara og foreldra.

Þetta ár hefur einkennst af seiglu, aðlögunarhæfni og stöðugum framförum. Starfsfólk okkar og stuðningssamfélag hafa verið lykilþáttur í að ná markmiðum okkar. Þegar horft er fram á veginn erum við spennt fyrir tækifærunum til að auðga enn frekar námsupplifun nemenda okkar.

Við leitumst við að skapa betra umhverfi þar sem við tökum öll þátt í kennslu og námsferlinu, þar sem við getum öll lært af og kennt hverju öðru. Umhverfi þar sem við leggjum öll okkar af mörkum til að byggja upp inngildandi umhverfi í leikskólanum okkar sem að við fáum öll að njóta góðs af.



2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2023-2024

Innra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Hvildartími	Á deildafundi þar sem starfsmenn ræddu málefnið og á fagfundum þar sem við tókum í sameiningu ákvarðanir um breytingar sem henta hverri deild best.	Starfsmenn, börn og foreldrar.	Fyrir yngri hópinn er gott að hafa skipulagðan svefntíma. Hinar tvær deildarnar þurfa hins vegar ekki blund um miðjan dag. Þess í stað geta eldri nemendur notið góðs af rólegri stund. Þessi nálgun kemur til móts við mismunandi þarfir hvers aldurhóps. Tækifæri til umbóta: Þarf að endurnýja dýnur á yngstu deild og skipuleggja betur rólegri stund.
Ferilmöppur	Rætt á fagfundum.	Leikskólastjóri, deildarstjórar og	Nemendur á Vesturborg eiga ferilmöppur.



		starfsfólk.	<p>Mappan fylgir barninu í gegnum leiksólagönguna og barnið fær að taka hana með heim til að eiga þegar það hættir í leikskólanum. Markmiðið með möppunni er m.a. að veita innsýn í lífið og starfið í leikskólanum og verðveita minningar á leikskólaárunum.</p> <p>Tækifæri til umbóta: Í ferilmöppurnar fara skráningar sem hópstjórar hvers hóps halda utan um. Yfirliti yfir nám og líðan nemenda safnað saman í ferilmöppur hvers og eins. Í þessar ferilmöppur getur framvindu í fínhyfingum verið gerð góð skil í gegnum listaverk nemenda.</p>
Hljóðvist	Starfsmannakönnun, starfsmannviðtöl.	67% starfsfólk svaraði könnun.	<p>Eftir skoðun á helstu niðurstöðum kom í ljós að ánægja með hljóðvist var sá þáttur sem að við stóðum okkur verst í (3,20). Hljóðvistin hafði eftir framkvæmdir versnað til muna sem hefur áhrif á</p>



			<p>starfið okkar og líðan starfsfólks.</p> <p>Markmiðið var að koma því í lag sem fyrst. Við höfum keypt Loop eyrnatappa fyrir alla starfsmenn, en þeir sem bjóða upp á væga hávaðadeyfingu án þess að útiloka allt hljóð. Þannig er hægt að hlífa eyrum starfsmanna án þess að það komi niður á getu þeirra til þess að bregðast við þörfum nemenda.</p> <p>Tækifæri til umbóta: Varðandi framtíðaplön þá er ég búin að hafa samband við þann sem sér um byggingaaðstöðuna í skólanum okkar. Hann mun leggja mat á stöðunna.</p>
<p>Föstudagsflæði</p>	<p>Verkefnið rætt á stjórafundum og við börnin.</p>	<p>Deildarstjórar og starfsfólk á deildum ásamt börnum.</p>	<p>Á hverjum föstudegi er boðið flæðisleik í leikskólanum okkar þar sem allar deilir opnar og börnin fá að velja hvar þau vilja leika. Við teljum það sé mikilvægt fyrir börn</p>



			<p>á mismunandi aldri að leika sér og læra saman. Þar að auki hjálpar þetta framtak kennurum og börnum frá öllum deildum að kynnast betur.</p> <p>Tækifæri til umbóta: Útfæra þemastöðvar sem koma til móts við fjölbreytt áhugamál.</p>
--	--	--	---

Ytra mat

Hvað var matið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Starfsmannkönnun	Starfsmannakönnun var gerð haustið 2023.	67% starfsfólks tók þátt í könnuninni.	<p>Niðurstöðurnar voru heilt yfir góðar og yfir meðaltali í nærum öllum þáttum.</p> <p>Tækifæri til umbóta: Þeir þættir sem að komu verst út hjá okkur snúa að leikskólarýminu, en það eru hljóðvist og vinnurými. Við höfum unnið að því</p>



			<p>að bæta úr þessum þáttum og er uppsetning undirbúningsrýmis við hliðina á Skýjaborg til mikilla bóta. Áskorun komandi skólaárs er að bæta hljóðvist leikskólans (sjá umbótaáætlun).</p>
<p>Foreldrasamstarf</p>	<p>Við höldum áfram að bjóða öllum foreldrum í foreldraviðtöl þar sem foreldrar fengu tækifæri til þess að koma að sínum sjónarmiðum og fara yfir gang mála. Við nýttum líka öll tækifæri til þess að bjóða foreldrum að koma að heimsækja leikskólann og vorum með foreldrakaffi í</p>	<p>Starfsfólk og foreldrar.</p>	<p>Samvinna með foreldrum hefur verið nokkuð góð. Að því sögðu eru þó tækifæri til umbóta og við stefnum að því að auka samtal við foreldra á komandi skólaári og að vinna með foreldrum að framfylgd nýrrar agastefnu.</p>



desember, janúar
og febrúar.



3 Umbótaáætlun leikskólans 2024-2025

UMBÓTAÞÁTT UR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Stjórnun							
Aukið samráð við foreldra	Samráð og samskipti við foreldra verði gert reglulegt.	Öllum foreldrum boðið á foreldrafund fyrir og eftir áramót (október og febrúar) þar sem við kynnum starfsemi leikskólans og foreldrar fá að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Deildarstjórar taka líka foreldrasamtöl með foreldrum hvers barns fyrir sig eins og hefur verið gert.	Leikskólastjóri og deildarstjórar	Október 2024	Sumar 2025	Rætt á foreldrafundunum og kemur fram í umsögn foreldraráðs í lok skólaárs.	Að foreldrar upplifi að þeir hafi góða yfirsjón um starfið og að tekið sé mark á þeirra sjónarmiðum.
Nemendalýð ræði	Að starf leikskólans einkennist af lýðræðislegri þátttöku nemenda á öllum aldri. Leikskólinn er fyrst og fremst rými nemendanna og þeir ættu að hafa sem mest um þetta rými að segja.	Stofnun nemendaráðs. Ráðið samanstendur af einum eða tveim nemendum frá hverri deild með stuðningi kennara. Nemendur valdir með slembivali til þess að valið sé ekki bara vinsældakeppni og fari heldur ekki bara eftir því hvaða nemendur kennararnir vilja fá. Nemendaráð fundar mánaðarlega með deildarstjórum þar sem rætt er hvað nemendurnir vilja að gert sé á leikskólanum og hvað eigi að gera öðruvísi. Deildarstjórar leggja sig fram við að innleiða hugmyndir frá nemendum. Á tveggja mánaða fresti (eftir tvo fundi) er slembivalið nýtt nemendaráð svo að fleiri raddir fái að heyrast. Sami nemandinn getur ekki verið tvisvar í nemendaráði sama skólaárið.	Leikskólastjóri og Deildarstjórar	Snemma haustið 2024	Sumarið 2025	Deildarstjórar skrásetja jafnóðum óskir og ákvarðanir nemendaráðs og í desember og júní er deildarstjórafundur um hvernig hafi gengið að innleiða óskir nemenda.	Þættir í starfi leikskólans hafa breyst í takt við óskir nemenda.



Uppeldis- og menntastarf							
Endurvakning Lubba	Að taka aftur upp notkun bókarinnar <i>Lubbi finnur málbein</i> og fylgigögn til þess að bæta málörvun á Vesturborg.	Bókin <i>Lubbi finnur málbein</i> verður notuð á öllum deildum. Námskeið fyrir starfsfólk um notkun bókarinnar á starfsdegi snemma á skólaárinu. Í framhaldi af því verður gerð heildstæð áætlun um hvernig hver deild mun vinna með bókina í gegnum allt skólaárið. Til að vekja áhuga á verkefninu verður tekin upp „Lubbabók“ á hverri deild þar sem í hverri viku tekur einn nemandi bangsann Lubba með sér heim og fjölskyldan skrifar í bókina hvað var gert með Lubba og lætur fylgja með myndir.	Deildarstjórar bera ábyrgð, allir kennarar taka þátt í framkvæmd.	Septembar 2024	Júní 2025	Fundum um hvernig verkefnið gangi í desember og maí, oftar ef þörf þykir á.	Við erum ennþá að vinna með bókina í lok skólaárs og höfum gert það jafnt og þétt í gegnum skólaárið.
Ferilmöppur	Vesturborg taki aftur upp ferilmöppur þannig að foreldrar og nemendur hafi yfirsýn yfir fyrstu ár skólagöngu nemendanna.	Hverjum nemanda fylgir mappa þar sem haldið er utan um skólaferil nemandans. Þar inni fara myndir frá helstu viðburðum leikskólans sem og skemmtilegum atvikum úr daglegu starfi. Í byrjun og endi hvers skólaárs gerir nemandinn sjálfsmynd sem að fer í möppuna. Þá fylgja líka með listaverk eftir nemandann. Leitast er við að ferilmappan sé fyrst og fremst myndræn, en einhver texti má líka fylgja með eftir því sem þykir þarft. Við útskrift taka nemendur ferilmöppur með sér heim.	Deildarstjórar bera ábyrgð, allt starfsfólk tekur þátt í framkvæmd.	Septembar 2024	Við útskrift hjá elstu nemendum um. Mappan fylgir yngri nemendum inn í næsta skólaár og á milli deilda.	Rætt á deildarfundum hjá hverri deild.	Allir nemendur eru með möppu sem að inniheldur gott yfirlit yfir feril þeirra á Vesturborg frá því að við byrjuðum að halda utan um möppurnar.
Lausnateymi	Á Vesturborg verði lausnateymi sem fundar einu sinni í mánuði til þess að veita ráðgjöf vegna hegðunar, samskipta og annara þátta sem þarf að finna lausnir	Lausnateymi samanstendur af deildarstjórum og sérkennslustjóra. Teymið fundar fyrsta mánudag hvers mánaðar og tekur í hvert skipti fyrir einn nemenda á Vesturborg og leita lausna á erfiðleikum sem nemandinn kann að eiga við, svo	Deildarstjórar og sérkennslustjóri	Septembar 2024	Máí 2025	Könnun á meðal deildarstjóra gerð í desember og mars.	Lausnateymið skilar árangri með því að finna lausnir fyrir þá nemendur sem hafa verið ræddir hjá því.



	á.	sem hegðun, erfiðleikar með samskipti, einelti og fleira. Fundirnir eru til þess gerðir að beina athygli að einu barni í einu og að deildarstjórar og sérkennslustjóri geti borið saman bækur og deilt reynslu til þess að mæta þörfum viðkomandi barns sem best.					
Mannauður/ Leikskólabragur							
Fræðsla fyrir starfsfólk	Að allt starfsfólk fái aukna fræðslu til þess að bæta sig í starfi.	Kennarar og leiðbeinendur á Vesturborg er boðið að sækja námskeið tengd leikskólastarfinu á vinnutíma. Deildarstjórar og sérkennslukennarar sækja námskeið sem að snúa sérstaklega að þeirra stöðu, en einnig verður leitast við að almennir kennarar/leiðbeinendur verði líka sendir á starfstengd námskeið. Þá verða starfsdagar nýttir í fræðslu sem gagnast öllum, þar á meðal þjálfun í skyndihjálp.	Leikskólastjóri	Haust 2024	Vor 2025	Starfsfólk er spurt á starfsdegi seint á skólaárinu hvernig þeim hafi fundist	Starfsfólk hefur eflst í starfi sínu í gegnum fræðslu.
Bæta líðan starfsfólks	Að allt starfsfólk Vesturborgar líði vel í vinnunni, upplifi ekki streitu eða aðra vanlíðan í starfi.	Loops eyrnatappar keyptir handa öllu starfsfólki.	Leikskólastjóri			Starfsmannakönnun	
Innra mat							
Agastefna	Að allt starfsfólk leikskólans taki á óæskilegri hegðun á samræmdan máta og að sá máti byggji á virðingu fyrir	Það er rætt á deildarfundum innan hvernar deildar hvernig best sé að taka á óæskilegri hegðun og séð til þess að öll taki á slíkri hegðun á sambærilegan máta. Málefnið er tekið upp aftur í	Deildarstjórar bera ábyrgð, allt starfsfólk tekur þátt í	Haust 2024	Vor 2025	Rætt á deildarfundum í gegnum árið. Tekið upp sérstaklega á deildarfundum í lok	Allt starfsfólk tekur á agamálum á sambærilegan máta. Framkoma starfsfólks



	börnunum og vísindalegum grunni. Einnig að unnið sé með foreldrum til þess að samræma hvernig er tekið á agamálum heima og í skólanum.	gegnum skólaárið eftir þörfum.	framkvæmd.			árs þar sem rætt er hvernig tekist hefur til.	við börn einkennist af virðingu. Hegðun hvers barns er betri í lok skólaárs heldur en hún var í byrjun.
Inngildandi samfélag	Að tryggja það að Vesturborg sé staður þar sem öll eru velkomin. Hér viljum við sérstaklega huga að fjölmenningu og skynseginleika.	Starfsfólk fær fræðslu um einhverfu, ADHD og fjölyngi. Þá munum við hafa fjölmenningsvikur, síðustu vikuna í nóvember og í apríl, síðustu vikuna fyrir páskafrí, þar sem við fáum að kynna ólíkum menningarbakgrunni nemenda og kennara á Vesturborg.	Leikskólastjóri og deildarstjórar skipuleggja, allt starfsfólk framkvæmir.	Haust 2024	Vor 2025	Rætt á deildar- og stjórafundum í vor. Fjölmenningsvikan er metin stuttu eftir að hún á sér stað.	Leikskólinn er staður fyrir okkur öll, án fordóma.

4 Innra mat Sólborgar/Skýjaborgar

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Markviss málörvun	Að nemendur fái aukna málörvun.	Endurvekjum Lubba. Hefjum flæðilestur á ný. Halda áfram að gefa 10. Hver mánuður er með þema sem stýrir viðfangsefni málörvunar.	Deildarstjórar bera ábyrgð og allir starfsmenn deildarinnar framkvæma.	Haust 2024	Vor 2025	Metið á deildarfundum. Tekið upp aftur eftir þörfum.	Allir nemendur standa framar í málörvun í lok skólaárs. heldur en þau gerðu í byrjun.
Skapandi starf	Stefnt er að því að allir starfsmenn fái að framkvæma sínar	Hver starfsmaður fær undirbúningstíma til að vinna og framkvæma	Allir starfsmenn bera ábyrgð á sínu verkefni og	Haust 2024	Vor 2025	Metið á deildarfundum. Tekið upp aftur eftir þörfum.	Starfsfólk finnur fyrir því að þau geti nýtt eigin styrkleika



	hugmyndir að verkefni.	verkefnin með börnunum.	framkvæma.				í starfi.
Þátttaka kennara í leik	Að kennarar taki virkan þátt í leik nemenda.	Rætt á deildarfundum snemma á skólaári og öllum kennurum leiðbeint að þau eigi að tileinka sér að sitja með nemendum í leik.	Allir starfsmenn, deildarstjóri ber ábyrgð á eftirfylgni	Haust 2024	Vor 2025	Metið á deildarfundum. Tekið upp aftur eftir þörfum.	Allt starfsfólk hefur tileinkað sér það að taka reglulega þátt í leik nemenda.

5 Innra mat Regnbogaborgar

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Nemendalýðræði	Að starf deildarinnar einkennist af lýðræðislegri þátttöku nemenda. Deildin er fyrst og fremst rými nemendanna og þeir ættu að hafa sem mest um þetta rými að segja. Elstu börnin hafa mestu getuna til þess að stunda lýðræði og því rétt að bæta lýðræðislegt	Í byrjun skólaárs er haldið deildarþing með nemendum og kennurum Regnbogaborgar. Tilgangur þingsins er að deildin, kennarar og nemendur, ákveði sameiginlega reglur deildarinnar. Hér er lögð sérstök áhersla á reglur um hvernig við komum fram við hvort annað	Deildarstjóri og kennarar á Regnbogaborg.	Snemma haustið 2024	Sumarið 2025	Á deildarþingum í desember og maí (sömu og eru fyrir fundi nemendaráðs) ræða kennarar og nemendur um hversu vel hefur gengið að virða reglurnar sem voru settar, hvort það þurfi að breyta einhverjum reglum og hvort að óskir nemenda séu virtar. Hversu vel þetta verkefni hefur gengið er einnig á deildarfundum kennarar í sömu mánuðum.	Starf deildarinnar einkennist af óskum og ákvörðunum nemenda. Reglur sem deildin setur í sameiningu eru virtar.



	ferli á Regnbogaborg sérstaklega.	(t.d.. bannað að meiða, bannað að skilja útundan, hvernig við tölum við hvort annað). Áður en nemendaráð hittist er haldið deildarþing þar sem deildin ræðir saman hvað nemendurnir vilja að gert sé á leikskólanum og hvað eigi að gera öðruvísi. Fulltrúar deildarinnar í nemendaráði taka þetta samtal sem veganesti á fund nemendaráðs.					
Markviss málörvun	Að bæta málörvun inn á deildinni.	Lubbi er notaður markvisst á deildinni. Starfsfólk fær undirbúningstíma til þess að kynna sér aðferðir til málörvunar. Gefðu 10 innleitt.	Deildarstjóri ber ábyrgð, allt starfsfólk tekur þátt.	Haut 2024	Sumar 2025	Reglulega rætt á deildarfundum. Lagt mat á hvar hver nemandi stendur í byrjun árs og lok árs.	Öllum nemendum hefur farið fram í málþroska á skólaárinu, enginn nemandi útskrifast frá Vesturborg án góðs grunns í íslensku.



6 Innra mat sérkennslu

Persida Guðný Þorgrímsdóttir, sérkennslustjóri hélt utan um sérkennslu Vesturborgar ásamt stuðningi Angelica Silva. Persida lét af störfum 1. maí 2024. Í framhaldinu tók Gréta Mar Jósepsdóttir tímabundið við stöðu sérkennslustjóra og er stefnt að ráðningu nýs stjóra í haust. Sérkennslustjóri sér um að skipuleggja og halda utan um sérkennslu ásamt sérkennsluteymi leikskólans. Sérkennsla felst fyrst og fremst í því að aðstoða nemendur við mál- og talörvun, hegðunarmótun, félags- og hreyfifærni ásamt víðtækum stuðningi við nám og kennslu einstaklinga sem þess þurfa.

Eftir miklar og rótækar breytingar á húsnæði skólans árið áður vegna mygluvanda þá má segja að árið hafi einkennst af litlum breytingum miðað við síðustu ár. Hins vegar þurfti að aðlaga deildir að minna rými en áður þar sem gámar sem notaðir voru m.a. undir sérkennslu voru teknir frá okkur haustið 2023. Í stað þeirra átti sérkennslan að fá herbergi inni á deild skólans en tekin var ákvörðun, með samþykki kennara, að ekki yrði tekið pláss af deild skólans og var þess í stað tekin frá annar af fjórum inngöngum leikskólans og gert að sérkennslurými. Keypt var þónokkuð af efniviði fyrir sérkennslu og má þar helst nefna spil, bækur og kubba til málörvunar. Framundan er að endurvekja Lubba sem hefur legið í dvala um stutt skeið og verða kennarar sendir á Lubba námskeið. Lubbi er aðferðarfræði sem notast er við til að þjálfa leikskólabörn í að tengja saman hljóð og læra grunnþætti í máli og lestri.

Í haust munu stjórnendur leikskólans setja upp lausnateymi þar sem deildarstjórar koma saman og funda einu sinni í mánuði. Þar verður unnið saman að lausnum fyrir nemendur þvert á deildir ef upp koma áhyggjur af málþroska, hegðun eða líðan barna. Hugmyndafræðin er sú að kennarar geti stillt saman strengi, fengið ólíkar hugmyndir og rætt aðferðir sem reynst hafa vel eða ekki, rætt um framhaldið og tekið ákvörðun um næstu skref.

6.1 Mat á sérkennslu 2023-2024

Skipulagning sérkennslu Hvernig var sérkennslan skipulögð; Var gerð einstaklingsnámskrá fyrir öll börn sem þess þurftu með? Var lögð áhersla á að barn sem nýtur stuðnings sé virkur þátttakandi í leikskólastarfinu og að stuðningur fari	Nemandi sem þáði sérkennslu var með sína einstaklingsnámskrá. Út frá henni var unnið að skammtíma og langtíma markmiðum. Einnig var vikuskipulag þar sem kom fram hvar og hvenær stuðningsstarfsmaður var við höndina þegar mesta þörf var á eða þegar sérstakar þjálfunarstundir áttu sér stað. Skráning var í möppu hvers barns þar sem skrifað var eftir hvern tíma hvernig gekk. Elstu nemendur þáðu sérstaka málörvun eftir niðurstöðu Hljóm-2 prófsins og átti sú stund sér stað í hádeginu á hverjum degi. Það var einnig skráð í sérstaka möppu.
--	--



fram innan barnahópsins eins mikið og frekast er kostur? Gætti allt starfsfólk leikskólans að því að stuðla að fullgildi barna þannig að þau taki virkan þátt og öðlist gleði í leik og öðru námi og starfi? Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?	
Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS,HLJÓM-2 og fl.	TRAS er notað af deildarstjórum, AEPS er notað við gerð einstaklingsnámskrár, Hljóm-2 voru framkvæmd hjá elstu nemendum.
Hvaða námsefni var notað? Vorur t.d. notuð aðkeypt námsgögn?	Námsefni var mjög fjölbreytt eftir áhugasviði nemenda og frjóum hugmyndum starfsfólks. Bæði voru notuð aðkeypt námsgögn og „heimagerð“ en ávallt var áherslan á áhugasvið barnanna sem fá sérkennslu. Mikið var notað af myndum í formi stýringar inni á deildum sem sýndu upplýsingar um dagskipulag fyrir nemendur sem nýta myndir til tjáningar, þá sérstaklega við matarborð. Næstu skref er að hefja PECS-þjáfun fyrir næsta ár.

6.2 Umbótaáætlun sérkennslu 2024-2025

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Innleiða PECS	Gera nemendum sem þurfa á því að halda kleift að tjá sig með myndum.	Sérkennslustjóri og stuðningsstarfsfólk fer á PECS námskeið. Nemendum sem þurfa á að halda kennt að nota PECS til tjáningar.	Sérkennslustjóri	Haut 2024	Vor 2025	Sérkennslustjóri og stuðningsstarfsfólk skráir og metur hvernig nemendum og starfsfólki gengur að tileinka sér notkun PECS.	Að nemandi í sérkennslu geti tjáð sig með PECS og að allir starfmenn skilji og taki virkan þátt í PECS samskiptum við barnið.
Skóli án	Sérkennslan verið næstum	Upplýsingar um kennslu og aðferðir	Sérkennslustjóri	Haut 2024	Vor 2025	Sérkennslustjóri skipuleggur og ræðir	Að allir nemendur fái þann stuðning sem þeir þurfa frá öllu starfsfólki



<p>aðgreiningar</p>	<p>alfarið inni á deildum.</p> <p>Auk sérkennsluteymi sfunda verði sérkennslustjóri á deildarfundum og ræði sérkennslu og verkefni sem fer fram á deildinni enda bera allir ábyrgð á að börn fái þá þjónustu sem þau þurfa.</p> <p>Markmið sérkennslunnar skulu vera skýr og aðgengileg.</p>	<p>berist til allra starfsmanna og deildarstjóra á deildarfundum. Stuðningsstarfsfólk ásamt sérkennslustjóra ber ábyrgð á hvernig sérkennslan fer fram en allir starfmenn leikskólans þurfa að þekkja og framfylgja markmiðum sérkennslunnar.</p>				<p>málefni sérkennslunnar á fundum og skráir niður samræður sem eiga sér stað í framhaldi og ákvarðanir sem voru teknar.</p>	<p>skólans og að allt starfsfólk deildar sé á sömu blaðsíðu og viti að hvaða markmiðum er verið að vinna í.</p>
<p>Efniviður aðgengilegur</p>	<p>Efniviður sé aðgengilegur starfsfólki og sé flokkaður niður eftir þemu.</p>	<p>Sérkennslustjóri og annað starfsfólk vinnur að því að flokka og skipuleggja efnivið til kennslu í leik og málörvun. Gæta þarf að efniviður sé aðgengilegur, skipulagður, raðað</p>	<p>Sérkennslustjóri, málörvu narteymi, deildarstjórar</p>	<p>Haust 2024</p>	<p>Vor 2025</p>	<p>Sérkennslustjóri metur stöðuna í lok árs og ákveður næstu skref og hvað þarfnast enn lagfæringar.</p>	<p>Sérkennsluherbergi sé fullt af aðgengilegu efni og tekist hefur að skipuleggja það og flokka vel eftir notkunargildi</p>



		eftir þörfum og skilað á réttan stað eftir notkun.					
--	--	--	--	--	--	--	--

7 Innra mat – börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn

6.3 Mat á málörvun og virkri þátttöku barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn 2023-2024

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Fjármagnið var nýtt í bækur, spil og námsgögn.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Myndrænt dagskipulag var vel notað á þessu ári sem og lykklakippur um háls starfsmanns með myndrænu dagskipulagi á meðan á aðlögun stóð. Daglegar lestrar og söngstundir eru fastir liðir. Gefðu 10, gekk ekki eins vel að fylgja eftir og mun það vera hluti af umbótaáætlun fjöltyngis.
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Samverustundir eru nýttar í söng og lestur bóka og verða lubbastundir á morgnana og lubbastjórar vikunnar tekið í notkun á ný eftir endurmenntun starfsfólks.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Við nýttum hæfniramma, gefna út af Menntamálastofnun, til að kortleggja stöðu barnanna og munum halda því áfram til þess að fylgjast með framförum tvítyngdra barna. Einstaklings áætlanir eru gerðar fyrir þau börn sem áhyggjur eru af og lögð er áhersla á að vinna náíð með foreldrum.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál,	Það mætti vinna betur markvisst að öllum þessum þáttum. Við munum bæta okkur í tengslamyndun við öll börn sem eiga í litlum samskiptum við starfsfólk og bæta markvisst úr því. Með betri tengslamyndun og samskiptum er hægt að vinna betur að þessum þáttum.



tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.

6.4 Umbótaáætlun –fjöltyngi 2024-2025

UMBÓTAPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið	Viðmið um árangur
Inngilding (<i>e. inclusion</i>) og virk þátttaka	Huga að jákvæðum samskiptum og efla tengsl við fjöltyngd börn. Nota auk þess Gefðu 10 markvisst á deildum.	Starfsmenn gera tengslakönnun á deildarfundum og vinna markvisst að því að bæta tengsl við þau börn sem eiga í litlum samskiptum við kennara og starfsfólk.	Deildarstjórar og sérkennslustjóri.	Haust 2024	Vor 2025	Tengsla-kannanir starfsmanna og fundargerðir deildarfunda gefa yfirsýn í lok árs.	Að sem flestir nemendur séu komnir að innsta hring í tengslakönnunum starfsmanna, að hver og einn nemandi sé í innsta hring einhvers starfsmanns.
Leikefni	Gæta þess að leikföng endurspegli fjölbreytileika samfélagsins.	Fara yfir efnivið og bæta hann þannig að hann endurspegli fjölbreytileika samfélagsins. Til að mynd ættu dúkkur að vera með fjölbreyttan húðlit og bókakostur leikskólans að endurspeglar fjölbreyttar menningar og fjölskylduform.	Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, deildarstjórar	Haust 2024	Vor 2025	Metið í lok árs hvernig fór.	Leikföng eru orðin fjölbreyttari.
Flæðilestur	Halda áfram að fjölga bókum og hjálpargögnum fyrir flæðilestur.	Flæðilestur innleiddur bæði á yngri og miðdeild og jafnvel á elstu deild eftir þörfum.	Málörvunarteymi.	Haust 2024	Vor 2025	Málörvunarteymi metur hvernig gengur á teymisfundum.	Flæðilestur er kominn á fullt með nóg af bókum og hjálpargögnum.



6 Starfspróunarsamtöl og fræðsla

Leikskólastjóri átti starfspróunarsamtöl með öllu starfsfólki. Við sóttum ýmisleg námskeið, þar á meðal tvö um ADHD hjá Helgu Heiðdísí á vegum Litlu kvíðamiðstöðvarinnar og annað hjá Ewelínu Niescier hegðunarráðgjafa um viðbrögð starfsmanna við hegðun barna sem er hættuleg sér og öðrum. Tveir deildarstjórar fóru á stjórnendanámskeið og er annar þeirra á öðru sem að stendur yfir núna. Við fengum einnig fræðslu um líkamsbeitingu og svefnheilsu. Einn starfsmaður er að sækja fagnámskeið 1 og 2 hjá Eflingu, annar er í leikskólaliðabru hjá Eflingu, deildarstjóri og sérkennari sóttu námskeið um einhverfu og tveir starfsmenn sóttu íslenskunámskeið. Þá fórum við líka í námsferð í maí til Alicante þar sem við kynntumst ólíkum starfsháttum í tveim leikskólum þar og sóttum vinnustofu um núvitund.

Á komandi skólaári stefnum við á að halda starfspróun og fræðslu áfram. Þar má nefna skyndihjálparnámskeið, leiðtoganámskeið fyrir deildarstjóra, fræðslu tengd mótun nýrrar agastefnu, ásamt meiri fræðslu frá Ewelínu.

7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Elstu nemendur fóru í heimsókn í Melaskóla þar sem þeir fengu að kynnst skólanum og fóru meðal annars í íþróttatíma og heimsóttu skólabókasafnið. Þá verða líka skilafundir með Melaskóla og Grandaskóla þar sem tilvonandi kennarar útskriftarnemanna okkar fá allar nauðsynlegar upplýsingar frá kennurum Vesturborgar. Deildarstjóri Regnbogaborgar hefur verið í samráði við foreldra um hvað verði rætt á umræddum skilafundum.

8 Foreldrasamvinna

Í foreldraráði eru þrír fulltrúar foreldra. Foreldraráð sér um jólagjafir, heimsókn jólasveina á jólaballi og skemmtun á sumarhátíð. Deildarstjórar áttu samtöl við alla foreldra fyrir og eftir áramót og fleiri eftir þörfum. Í þessum samtölum er alltaf fenginn túlkur fyrir þá foreldra sem þurfa. Þá var öll foreldrum boðið að koma í kaffiheimsókn þrisvar á árinu, í desember, janúar og febrúar. Þar að auki erum við alltaf í óformlegu samtali við foreldra um það sem við erum að gera á leikskólanum.



9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar veturinn 2024-25 verða eftirfarandi:

- 22. ágúst
- 27. September
- 6. desember
- 6. febrúar
- 5. maí



Leikskóladagatal 2024 - 2025

Nafn leikskóla:

AGÚST		SEPTEMBER		OKTÓBER		NÓVEMBER		DESEMBER		JANÚAR		FEBRÚAR		MARS		APRÍL		MAÍ		JUNÍ		JÚLÍ	
1 F		1 S		1 Þ		1 F		1 S	Fullveldisdagurinn	1 M	Nýársdagur	1 L		1 L		1 Þ		1 F	Verkalýðsdagurinn	1 S	Sjómanna dagurinn	1 Þ	Útskrift
2 F		2 M		2 M		2 L		2 M		2 F		2 S		2 S		2 M		2 F		2 M		2 M	
3 L		3 Þ		3 F		3 S		3 Þ		3 F		3 M		3 M	Bolludagur	3 F		3 L		3 Þ		3 F	
4 S		4 M		4 F		4 M		4 M		4 L		4 Þ		4 Þ	Sprengidagur	4 F		4 S		4 M		4 F	
5 M	Friðdagur verslunarmanna	5 F		5 L		5 Þ		5 F		5 S		5 M		5 M	Óskudagur - Óskudagsball	5 L		5 M	Starfsdagur	5 F		5 L	
6 Þ	Sumarlök endar	6 F		6 S		6 M		6 F	Starfsdagur	6 M	Þrettándinn	6 F	Starfsdagur - Dagur leikskólans	6 F		6 S		6 Þ		6 F		6 S	
7 M		7 L		7 M		7 F		7 L		7 Þ		7 F	Dagur tónlistarskólans	7 F		7 M	Fjölmenningarvika	7 M		7 L		7 M	
8 F		8 S	Dagur læsis	8 Þ		8 F	Baráttudagur gegn einelti	8 S		8 M		8 L		8 L		8 Þ	Fjölmenningarvika	8 F		8 S	Hvítasunnudagur	8 Þ	
9 F		9 M	Bókadagur	9 M		9 L		9 M		9 F		9 S		9 S		9 M	Fjölmenningarvika	9 F		9 M	Annar í hvítasunnu	9 M	Sumarlökum byrjar (með tyrvara um breytingar)
10 L		10 Þ		10 F		10 S		10 Þ		10 F		10 M		10 M		10 F	Fjölmenningarvika	10 L		10 Þ		10 F	
11 S		11 M		11 F		11 M		11 M		11 L		11 Þ	Dagur íslenska táknmálsins	11 Þ		11 F	Fjölmenningarvika	11 S		11 M		11 F	
12 M		12 F		12 L		12 Þ		12 F		12 S		12 M		12 M		12 L		12 M		12 F		12 L	
13 Þ		13 F		13 S		13 M		13 F	Piparkökuskreyting og jólakaffi - Jólapeysudagur	13 M		13 F		13 F		13 S	Pálmásunnudagur	13 Þ		13 F		13 S	
14 M		14 L		14 M		14 F		14 L		14 Þ		14 F		14 F	Dagur stærðfræðinnar	14 M		14 M		14 L		14 M	
15 F		15 S		15 Þ		15 F		15 S		15 M		15 L		15 L		15 Þ		15 F		15 S		15 Þ	
16 F		16 M	Dagur íslenskrar náttúru	16 M		16 L	Dagur íslenskrar tungu	16 M		16 F		16 S		16 S		16 M		16 F		16 M		16 M	
17 L		17 Þ		17 F		17 S		17 Þ	Jólaball	17 F		17 M		17 M		17 F	Skírdagur	17 L		17 Þ	Lýðveldisdagurinn	17 F	
18 S		18 M		18 F		18 M		18 M		18 L		18 Þ		18 Þ		18 F	Föstudagurinn langi	18 S		18 M		18 F	
19 M		19 F		19 L		19 Þ		19 F		19 S		19 M		19 M		19 L		19 F		19 F	Sumarhátíð	19 L	
20 Þ		20 F	Dótadagur	20 S		20 M	Dagur mannréttinda barna	20 F	Jólabíó og kósídagur	20 M		20 F		20 F		20 S	Páskadagur	20 Þ		20 F		20 S	
21 M	Útskriftarþekkur kveður	21 L		21 M	Bleikur dagur	21 F		21 L		21 Þ		21 F	Konu & kvára-kaffi	21 F	Downs dagurinn - Ruglusokkadagur	21 M	Annar í Páskum	21 M		21 L		21 M	
22 F	Starfsdagur	22 S		22 Þ	Bangs- og náttfatadagur	22 F		22 S		22 M		22 L		22 L		22 Þ		22 F		22 S		22 Þ	
23 F		23 M		23 M		23 L		23 M	Þorláksmessa	23 F		23 S	Konudagur - upphaf Góu	23 S		23 M		23 F		23 M		23 M	
24 L		24 Þ		24 F		24 S		24 Þ	Aðfangadagur jóla	24 F	Böndadagur - fyrsti dagur þorra - Bönda & kvára-kaffi	24 M		24 M		24 F	Sumardagurinn fyrsti	24 L		24 Þ		24 F	
25 S		25 M		25 F		25 M	Fjölmenningarvika	25 M	Jóladagur	25 L		25 Þ		25 Þ		25 F	Dótadagur	25 S		25 M		25 F	
26 M		26 F	Evrópski tungumáladagurinn	26 L	Fyrsti vetrardagur	26 Þ	Fjölmenningarvika	26 F	Annar í jólum	26 S		26 M		26 M		26 L		26 M		26 F		26 L	
27 Þ		27 F	Menntakvika	27 S	Alþjóðlegi bangasdagurinn	27 M	Fjölmenningarvika	27 F		27 M		27 F		27 F		27 S		27 Þ		27 F	Dótadagur	27 S	
28 M		28 L		28 M		28 F	Fjölmenningarvika	28 L		28 Þ		28 F	Dótadagur	28 F	Dótadagur	28 M		28 M		28 L		28 M	
29 F		29 S		29 Þ		29 F	Fjölmenningarvika - Dótadagur	29 S		29 M						29 L		29 Þ	Uppstigningardagur	29 S		29 Þ	
30 F	Dótadagur	30 M		30 M		30 L		30 M		30 F		30 S		30 S		30 M		30 F	Dótadagur	30 M		30 M	
31 L				31 F	Hekjavökuball			31 F	Gamlársdagur	31 F	Dótadagur			31 M		31 M		31 L					



10 Fylgiskjöl

10.1 10.1 Umsögn foreldraráðs

10.2 10.2 Önnur fylgiskjöl (t.d. matsgögn).

F. h. Leikskólans

Deep Shika

10.6.2024

Leikskólastjóri

Dagsetning



Umsögn foreldraráðs

Umsögn foreldraráðs:

Umsögn Foreldraráðs Vesturborgar 2024

Foreldraráðið hefur farið yfir starfsáætlun Vesturborgar 2024 og samþykkir hana einróma. Við, foreldrafélagið, viljum þakka leikskólanum okkar innilega fyrir ómetanlegt starf við að skapa hlýlegt og öruggt umhverfi fyrir börnin okkar. Starfsfólkið er ótrúlega elskulegt og faglegt, og það skín í gegn hversu mikið þið leggið ykkur fram um að veita börnunum skemmtilega og uppbyggilega reynslu. Leikskólinn hefur haft mikil og jákvæð áhrif á þroska og vellíðan barnanna okkar, og við erum óendanlega þakklát fyrir ykkar hlutverk í lífi þeirra.

Með þakklæti og aðdáun,
Foreldrafélagið



